

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 12

14. árgangur

15.3.2007

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2007/EES/12/01		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4508 – Alstom UK/Balfour Beatty/JV)	1
2007/EES/12/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4538 – Accor/Dorint). □	2
2007/EES/12/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4575 – Ricoh/IBM) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2007/EES/12/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4583 – Deutsche Post/Metro/GS1 Germany/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2007/EES/12/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4592 – Citibank/Egg Bank) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . .	5
2007/EES/12/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4603 – EQT/CBR) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2007/EES/12/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4607 – INM/Providence/CAP II/APN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7

2007/EES/12/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4610 – TPG V/ Apollo/Harrah's) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2007/EES/12/09	Ríkisaðstoð – Pólland – Málsnúmer NN 73/06 (áður N 340/2006) – Hagræðingaraðstoð sem veitt er fyrirtækinu Odlewnia Żeliwa ŚREM S.A. – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	9
2007/EES/12/10	MEDIA 2007 – Skilyrt auglýsing eftir tillögum – EACEA 05/07 – Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa – „Sjálfvirkt“ kerfi	10
2007/EES/12/11	MEDIA 2007 – Skilyrt auglýsing eftir tillögum – EACEA 04/07 – Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa og samvinnu milli dreifenda – „Valvíst“ kerfi . . . □	11
2007/EES/12/12	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	12
2007/EES/12/13	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að olíu og gasi sem fengið hefur nafnið „ <i>Permis de Nîmes</i> “)	14
2007/EES/12/14	Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi, birtar í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum	15
2007/EES/12/15	Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar fyrirtækja sem samþykkt var á 143. fundi nefndarinnar hinn 28. júlí 2006 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/M.4094 – Ineos/BP Dormagen	17
2007/EES/12/16	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.4094 – Ineos/BP Dormagen (í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (2001/462/EB, KSE) frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21).	17
2007/EES/12/17	Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Breyting á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á vegna áætlunarflugs á tilteknum leiðum á Spáni	17

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/12/01

(Mál COMP/M.4508 – Alstom UK/Balfour Beatty/JV)

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. febrúar 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bresku fyrirtækin Alstom UK Holdings Ltd („Alstom UK“), sem tilheyrir Alstom-samsteypunni, og Balfour Beatty Group Limited („Balfour Beatty“), sem tilheyrir Balfour Beatty plc, stofna nýtt sameiginlegt fyrirtæki undir heitinu Signalling Solutions Limited.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Alstom UK: þróun og sala á kerfum, búnaði og þjónustu á sviði járnbrauta
 - Balfour Beatty: mannvirkjagerð og byggingaframkvæmdir; hönnun, smíð, uppsetning, viðhald og rekstur járnbrautabúnaðar
 - Signalling Solutions: umsjón verkefna og sala búnaðar á sviði merkjakerfa fyrir járnbrautir í Bretlandi og Írlandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 55, 10. mars 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4508 – Alstom UK/Balfour Beatty/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4538 – Accor/Dorint)

2007/EES/12/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. mars 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Accor SA öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Dorint AG, sem er nú undir yfirráðum Accor og Ebertz-fjölskyldunnar í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Accor: rekstur gistihúsa og þjónusta við fyrirtæki
 - Dorint: rekstur gistihúsa
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 60, 15. mars 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4538 – Accor/Dorint, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4575 – Ricoh/IBM)**

2007/EES/12/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. febrúar 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Ricoh Company Ltd. („Ricoh“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir prentaraframleiðslu bandaríska fyrirtækisins International Business Machines Corporation („IBM“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ricoh: framleiðsla og dreifing sjálfvirkra skrifstofutækja á borð við prentara og einkatölvur
 - IBM: þróun og framleiðsla hátækniupplýsingabúnaðar, þ.e. tölvukerfa, hugbúnaðar o.s.frv.; sala prentara, prenthugbúnaðar og þjónustu á því sviði
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 62, 16. mars 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4575 – Ricoh/IBM, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2007/EES/12/04****(Mál COMP/M.4583 – Deutsche Post/Metro/GS1 Germany/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. mars 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Deutsche Post AG („DP“), Metro AG og GS1 Germany GmbH („GS1“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir sameiginlega fyrirtækinu European EPC Competence Center GmbH („EPC“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DP: pósthjónusta, birgða- og flutningaþjónusta, fjármálaþjónusta
 - Metro AG: rekstur stórmarkaða
 - GS1: bestun gagna- og vöruflutninga
 - EPC: rekstur prófunarstöðvar fyrir vottun merkissvara sem fylgja vörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 55, 10. mars 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4583 – Deutsche Post/Metro/GS1 Germany/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4592 – Citibank/Egg Bank)

2007/EES/12/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. febrúar 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Citibank Overseas Investment Corporation („COIC“), sem er dótturfyrirtæki hins bandaríska Citigroup Inc., öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir breska fyrirtækinu Egg Banking plc („Egg“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - COIC: bankastarfsemi og fjármálaþjónusta
 - Egg: netbankastarfsemi og fjármálaþjónusta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 62, 16. mars 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4592 – Citibank/Egg Bank, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4603 – EQT/CBR)**

2007/EES/12/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. mars 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið EQT V Limited, skráð á Ermarsundseyjum og undir yfirráðum sænsku samsteypunnar Investor AB, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu CBR Holding GmbH („CBR“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EQT V Limited: rekstur sjóðs sem fjárfestir í óskráðum félögum, einkum í Norður-Evrópu
 - CBR: hönnun og sala í heilidsölu á kvenfatnaði
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkingar samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 60, 15. mars 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4603 – EQT/CBR, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4607 – INM/Providence/CAP II/APN)**

2007/EES/12/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. mars 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írski fyrirtækið Independent News & Media plc („INM“) og bandarísku fyrirtækin Providence Equity Partners VI International LP („Providence“) og Carlyle Asia Partners II LP („CAP II“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir ástralska fyrirtækinu APN News & Media Limited („APN“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - INM: útgáfa lands- og héraðsfréttablaða
 - Providence: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
 - Carlyle: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
 - APN: útgáfa héraðs- og landsfréttablaða og tímarita, sem koma út daglega eða sjaldnar, auglýsingar utandyra og þjónusta á lýðnetinu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 62, 16. mars 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4607 – INM/Providence/CAP II/APN, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4610 – TPG V/Apollo/Harrah's)

2007/EES/12/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. febrúar 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin TPG Advisors V Inc. („TPG V“) og Apollo Management L.P. („Apollo“) öðlast með kaupum á hlutafé í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir sameiginlega fyrirtækinu Harrah's Entertainment Inc. („Harrah“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TPG V: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Apollo: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Harrah's: eignarhald og rekstur spilavíta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 55, 10. mars 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4610 – TPG V/Apollo/Harrah's, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ríkisaðstoð – Pólland**2007/EES/12/09****Málsnúmer NN 73/06 (áður N 340/2006) – Hagræðingaraðstoð sem veitt er fyrirtækinu
Odlewnia Żeliwa ŚREM S.A.****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Frankvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna ofangreindrar ríkisaðstoðar, sjá [Stjtið. ESB C 53, 8.3.2007](#).

Frankvæmdastjórnin veitir aðilum EES-samningsins og öðrum, sem hagsmuna eiga að gæta, eins mánaðar frest frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum ESB til að leggja fram athugasemdir við umrædda ráðstöfun og skal senda þær á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
SPA 3, 6/5
B-1049 Bruxelles/Brussel
Bréfasími: +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Póllandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

MEDIA 2007**2007/EES/12/10****Skilyrt auglýsing eftir tillögum – EACEA 05/07****Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa****„Sjálfvirkt“ kerfi****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins um að stofna til sameiginlegrar áætlunar til nokkurra ára um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði hljóð- og myndefnis árin 2007 til 2013.

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópu, þ.e. fyrirtækja sem eru skráð í aðildarríkjum Evrópusambandsins, löndum sem eiga aðild að EES-samningnum og taka þátt í áætluninni MEDIA 2007 (Íslandi, Liechtenstein og Noregi) og Sviss og eru undir yfirráðum ríkisborgara þessara landa.

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópuríkjunum sem sinna dreifingu evrópskra kvikmynda á heimsmarkaði.

3. Fjárveiting og lengd verkefna

Fé, sem er til ráðstöfunar í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum, er að hámarki 13 250 000 evra og ræðst af fjárveitingu vegna ársins 2007.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 60% af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar.

Hámarks lengd verkefna er 11 mánuðir (3. verkefnisliður) eða 16 mánuðir (1. og 2. verkefnisliður).

4. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en **30. apríl 2007**.

5. Nánari upplýsingar

Heildartexta auglýsingarinnar ásamt umsóknareyðublöðum er að finna á eftirfarandi slóð:
http://ec.europa.eu/comm/avpolicy/media/distr_en.html

Umsóknir skulu fullnægja öllum ákvæðum heildartextans og ber að skila þeim á til þess gerðum eyðublöðum.

MEDIA 2007**2007/EES/12/11****Skilyrt auglýsing eftir tillögum – EACEA 04/07****Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa og samvinnu milli dreifenda****„Valvíst“ kerfi****1. Markmið og lýsing**

Auglýsing er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins um að stofna til sameiginlegrar áætlunar til nokkurra ára um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði hljóð- og myndefnis árin 2007 til 2013.

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópu, þ.e. fyrirtækja sem eru skráð í aðildarríkjum Evrópusambandsins, löndum sem eiga aðild að EES-samningnum og taka þátt í áætluninni MEDIA 2007 (Íslandi, Liechtenstein og Noregi) og Sviss og eru undir yfirráðum ríkisborgara þessara landa.

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópuríkjunum sem sinna dreifingu evrópskra kvikmynda á heimsmarkaði.

3. Fjárveiting og lengd verkefna

Fé, sem er til ráðstöfunar í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum, er að hámarki 12 000 000 evra og ræðst af fjárveitingu vegna ársins 2007.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50% af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar.

Hámarks lengd verkefna er 11 mánuðir.

4. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en **16. apríl 2007**, **10. júlí 2007** og **1. desember 2007**.

5. Nánari upplýsingar

Heildartexta auglýsingarinnar ásamt umsóknareyðublöðum er að finna á eftirfarandi slóð:
http://ec.europa.eu/comm/avpolicy/media/distr_en.html

Umsóknir skulu fullnægja öllum ákvæðum heildartextans og ber að skila þeim á til þess gerðum eyðublöðum.

Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni 2007/EES/12/12

Með vísan til a-liðar 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni og 2. mgr. 11. gr. laga um jarðefni og námavinnslu frá 5. febrúar 1994 ⁽¹⁾ auglýsir umhverfisráðherra eftir umsóknnum um leyfi til kolvatnsefnaleitar og -vinnslu, er nefnast „námavinnsluréttindi“ í því sem hér fer á eftir.

Útboðið varðar úthlutun námavinnsluréttinda til olíu- og jarðgasleitar og -vinnslu á svæðum (leitarsvæðum) sem vinnsluleyfi ná enn ekki til, og fram koma í töflu sem birt hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽²⁾ og á vefsetri jarðfræði- og jarðefnaréttindadeildar umhverfisráðuneytisins (www.mos.gov.pl/dgikg/english). Um er að ræða eftirtalin leitarsvæði:

Nr.	Heiti	Staður (leitarsvæðistala)
1	Karwia	9
2	Raduszka	45, 65
3	Frombork	52
4	Rybice	62
5	Lewice	63
6	Bardy	64, 44
7	Kaleń	82, 83
8	Rymań	83, 84
9	Barwice	85
10	Bobolice	86
11	Podgrodzie	101
12	Police	102
13	Sucha	104
14	Czaplinek	105
15	Moryń	161
16	Lipiany	162
17	Barlinek	163
18	Cybinka	202, 222
19	Torzym	203, 223
20	Laski	222, 223
21	Krępa	224
22	Trójkąt	226
23	Turek	229
24	Kolsko	244
25	Gola	245
26	Kłoda	246
27	Czatkowice	247, 267, 268, 287, 288
28	Kalisz	249

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi Póllands 2005 nr. 228, 1947. liður.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 98, 26.4.2006, bls. 22.

Nr.	Heiti	Staður (leitarsvæðistala)
29	Dobra	250
30	Klucze	265
31	Sarnowa	266
32	Warta	270
33	Oleszyce	379
34	Proszowice	393
35	Koszyce	394, 395
36	Golemki	395, 415
37	Horyniec	399
38	Wieliczka	413
39	Skrzydlna	413
40	Skoloszyn	414, 415
41	Błazowa	416, 417
42	Szczecinek	106
43	Człuchów	107

Jarðhnit svæðanna, sem útboðið tekur til, er að finna á vefsetri jarðfræði- og jarðefnaréttindadeildar umhverfisráðuneytisins og í skjalinu „Ítarlegir útboðsskilmálar vegna úthlutunar námavinnsluréttinda til olíu- og jarðgasleitar og -vinnslu á völdum vinnslusvæðum“.

Umsóknir um úthlutun námavinnsluréttinda verða að berast aðalskrifstofu umhverfisráðuneytisins eigi síðar en kl. 12 á hádegi að Miðevróputíma síðasta dag þess 91 dags tímabils sem hefst daginn eftir að útboðsauglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 52, 7.3.2007).

Tilboð og beiðnir um ítarlega útboðsskilmála skulu sendar á eftirfarandi pósthöfund: Ministry of the Environment, Department of Geology and Geological Concessions, ul. Wawelska 52/54, room 149, PL-00-922 Warsaw.

Upplýsingar:

- Vefsetur jarðfræði- og jarðefnaréttindadeildar umhverfisráðuneytisins:

www.mos.gov.pl/dgikg

www.mos.gov.pl/dgikg/english

- Marta Wądrodzka
Specialist, Negotiations and Promotions
Ministry of the Environment
ul. Wawelska 52/54
PL-00-922 Warsaw

Sími: (48-22) 57 92 504

Bréfasími: (48-22) 57 92 460

Netfang: Marta.Wagrodzka@mos.gov.pl

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 52, 7.3.2007](#).

**Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og 2007/EES/12/13
ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að
leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (¹)**

(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að olíu og gasi sem fengið hefur nafnið „Permis de Nîmes“)

Fyrirtækið EnCore (E&P) Limited, sem hefur skráð aðsetur að 62–64 Baker Street, London W1U 7DF (Bretlandi), hefur með umsókn frá 19. júní 2006 farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem fengið hefur nafnið „Permis de Nîmes“, til að leita að olíu og gasi á svæði sem er hér um bil 507 km² og liggur í sýslunni Gard.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mættast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktur	Lengd	Breidd
A	48,80°	2,30°
B	48,80°	2,50°
C	48,60°	2,50°
D	48,60°	2,30°
E	48,50°	2,30°
F	48,50°	2,10°
G	48,60°	2,10°
H	48,60°	2,20°
I	48,70°	2,20°
L	48,70°	2,30°

Tilhögun umsókna

Upphaflegur umsækjandi og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4., 5. og 6. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar.

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um sérleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 54, 9.3.2007, bls. 8), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Umsóknunum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthöfund. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og aðrar umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst stjórnvöldum í Frakklandi, þ.e. eigi síðar en 19. júní 2008.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum og á tilskipun 2006-649 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna neðanjarðar, ásamt námareglugerð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

(¹) Stjtið. EB L 164, 30.6.1994.

Nánari upplýsingar fást í efnahags-, fjármála- og iðnaðarráðuneytinu í Frakklandi: Ministère de l'économie, des finances et de l'industrie (direction générale de l'énergie et des matières premières, direction des ressources énergétiques et minérales, bureau de la législation minière), 61, boulevard Vincent Auriol, Télédoc 133, F-75703 Paris Cedex 13, France (sími +33 (0)1 44 97 23 02, bréfasími +33 (0)1 44 97 05 70).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á slóðinni <http://www.legifrance.gouv.fr>

Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi, birtar í 2007/EES/12/14 samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum ⁽¹⁾ ⁽²⁾

HÍÐ SAMEINADA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

Veitt flugrekstrarleyfi

Flokkur A: Flugrekstrarleyfi án takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
MK Airlines Ltd	Landhurst Hartfield Essex TN7 4DL United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	22.8.2006
Flyjet Ltd	City Point 1 Ropenmaker Street United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	5.10.2006
Ocean Sky (UK) Ltd	Building 100 Beverley Road Nottingham East Midlands Airport Derby East Midlands DE74 2SA United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	22.12.2006

Flokkur B: Flugrekstrarleyfi með takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Gregg Air UK Ltd	The Farmhouse Oxford Airport Kindlington Oxfordshire OX2 1QT United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	4.8.2006
EBJ Operations Ltd	55 Gower Street London WC1E 6HQ United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	17.8.2006
3GRCOMM Ltd	Crest House Little Birch Hereford HR2 8BB United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	29.9.2006
Hangar 8 Ltd	Building 2 Oxford Airport Oxford OX5 1RA United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	30.11.2006

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

⁽²⁾ Tilkyningar sem bárust framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna fyrir 31. ágúst 2005.

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Markoss Aviation UK Ltd	The Jet Centre Hangar 527 Biggin Hill Airport Kent TN16 3BN United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	30.11.2006

Afturkölluð flugrekstrarleyfi

Flokkur A: Flugrekstrarleyfi án takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Air Cordial Ltd	Building 308 Ground Floor Room 3 World Freight Terminal Manchester Airport Manchester M90 5PZ United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	31.7.2006
Flyjet Ltd	City Point 1 Ropemaker Street London EC2Y 9AW United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	5.10.2006
Emerald Airways Ltd	South Terminal Speke Hall Avenue Liverpool Airport Liverpool Merseyside L24 1YW United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	12.10.2006
Air Atlanta Europe Ltd	Ashdown House Gatwick Airport Crawley West Sussex RH10 0JH United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	8.11.2006

Flokkur B: Flugrekstrarleyfi með takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Albion Aviation Ltd	Building 526 Churchill way Biggin Hill Airport Biggin Hill Kent TN16 3BN United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	29.9.2006
Markoss Aviation Ltd	The Jet Centre Churchill way Biggin Hill Airport Biggin Hill Kent TN16 3BN United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	30.11.2006

Breytt heiti flugrekanda

Flokkur A: Flugrekstrarleyfi án takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92

Nýtt heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
XL Airways UK Ltd (ex Excel Airways Ltd) mbH	Explorer House Fleming Way Crawley West Sussex RH10 9EA United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	6.12.2006

Flokkur B: Flugrekstrarleyfi með takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92

Nýtt heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Air Executive Ltd (ex Gregg Air UK Ltd)	The Farmhouse Oxford Airport Kindlington OXS 1QT United Kingdom	Farþegar, póstur, frakt	29.8.2006

Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar fyrirtækja sem samþykkt var á 143. fundi nefndarinnar hinn 28. júlí 2006 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/M.4094 – Ineos/BP Dormagen 2007/EES/12/15

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar fyrirtækja sem samþykkt var á 143. fundi nefndarinnar hinn 28. júlí 2006 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/M.4094 – Ineos/BP Dormagen. Í álit ráðgjafarnefndarinnar kemur fram að hún sé sammála því mati framkvæmdastjórnarinnar að hin fyrirhuguðu viðskipti myndu ekki hafa markverð áhrif á virka samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans og því megi lýsa þau samrýmanleg ákvæðum 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 8. gr. reglugerðar ráðsins 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja og EES-samningnum.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 54, 9.3.2007](#).

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.4094 – Ineos/BP Dormagen 2007/EES/12/16

(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (2001/462/EB, KSE) frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum – Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21)

Framkvæmdastjórnin hefur birt lokaskýrslu skýrslufulltrúa í máli COMP/M.4094 – Ineos/BP Dormagen.

Að lokinni athugun á svörum málsaðila við greinargerð um andmæli sem send var Ineos 30. maí 2006, og með hliðsjón af nýjum upplýsingum sem borist hafa frá markaðsaðilum eftir að greinargerðin um andmæli var gefin út, hefur framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að hin fyrirhugaða samfylking muni ekki hafa markverð áhrif á virka samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, einkum þegar lítið er til þess hvort markaðsráðandi staða geti orðið til eða styrkst.

Málið gaf ekki tilefni til sérstakra athugasemda um réttinn til að flytja mál sitt.

Um nánari upplýsingar sjá [OJ C 54, 9.3.2007](#).

Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 2007/EES/12/17

Breyting á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á vegna áætlunarflugs á tilteknum leiðum á Spáni

Stjórnvöld á Spáni hafa ákveðið, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992, að breyta almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á vegna áætlunarflugs á Baleareyjum. Upplýsingar um kvaðirnar birtust í Stjtið. ESB C 307, 17.12.2003, og breytingar á þeim í Stjtið. ESB C 95, 22.4.2006.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 53, 8.3.2007](#).